

# ÁHRIF AF GERÐ HJÁLEIÐA FRAMHJÁ ÞÉTTBÝLI

## MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 2008.0206

DAGS.: 2009-11-02

VERKHLUTI:

MB NR.:

HÖFUNDUR: Hrafnhildur Brynjólfssdóttir

DREIFING: Þórir Ingason Vegagerðinni

## Málefni: Ágrip vegna erindis á Rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar 2009-11-06

### Áhrif af gerð hjáleiða framhjá þéttbýli.

Í rannsóknarverkefningu eru skoðaðar heimildir um rannsóknir á áhrifum af færslu þjóðvega út fyrir þéttbýli. Horft er til þátta sem varða umferð (uppruna, áfangastað, magn, umferðarhraða, ferðatíma) og umferðaröryggi, auk þeirra þátta sem lúta að umhverfi viðkomandi byggðar, og samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum þjóðvegaumferðar fyrir viðkomandi samfélag. Athyglinni er sérstaklega beint að áhrifum hjáleiða á landnotkun og skipulag en sá þáttur fær oft litla umfjöllun í vegagerðarverkefnum.

Leitast er við að svara hvort þeim markmiðum sem sett eru til grundvallar færslu á þjóðvegi út fyrir þéttbýli verði líklega náð - hvort færslan leysi vandamál, hvort (og þá í hvaða tilvikum) hægt sé að ná betri eða sambærilegum árangri með öðrum aðgerðum og hvernig draga má úr neikvæðum áhrifum sem skapast kunna af færslu þjóðvegjar út fyrir þéttbýli.

Í vinnslu er greinargerð þar sem skoðuð eru valin tilvik héraendis og leitast við að svara eftirfarandi megin rannsóknarspurningu: Hvenær er ávinningur af færslu þjóðvega út fyrir þéttbýli og hvenær er hægt að leysa þau vandamál sem vegurinn skapar með öðrum aðgerðum?

Niðurstöðu verkefnisins er ætlað að styðja ákvarðanatöku sveitarfélaga, Vegagerðarinnar og annarra sem þurfa að meta og taka afstöðu til flutnings þjóðvega út fyrir þéttbýli og taka ákvarðanir um skipulag þjóðvega og landnotkunar umhverfis þá. Verkefningu er einnig ætlað að styrkja þekkingu héraendis á samgöngum og skipulagi, hvort sem það varðar frekari rannsóknir á færslu þjóðvega út fyrir þéttbýli eða aðra þætti tengda þjóðvegagamgöngum og landnotkunarskipulagi.

### **SAMANTEKT ÚR GREINARGERÐ (í vinnslu):**

Samkvæmt skilgreiningu er hjáleid vegur sem leiðir umferð fram hjá þéttbýli og er almennt ekki gert ráð fyrir uppbyggingu meðfram hjáleiðum. Gerð hjáleiða hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þegar gegnumumferðin flyst yfir á hjáleiðina verða minni áhrif af umferðinni í þéttbýlinu, umferðarhávaði og loftmengun minnka, vegurinn verður öruggari og minni farartálmi fyrir aðra vegfarendur en akandi. Þessi jákvæðu áhrif magnast eftir því sem hlutfall gegnumumferðarinnar er hærra. Á móti kemur að hjáleiðin veldur truflun í dreifbýlinu og þrýstingur myndast um uppbyggingu þjónustu og íbúðahverfa við nýju hjáleiðina sem ýtir undir dreifða bílháða og landfreka byggð.

Á Íslandi eru hjáleidir á skipulagi á Selfoss og í Borgarnesi. Hjáleiðin um Selfoss er í undirbúningi á vegum Vegagerðarinnar og eru markmið með gerð hennar sögð vera að auka umferðarrým og bæta umferðaröryggi. Mikil óþægindi eru af umferðinni í gegnum Selfoss. Hlutfall gegnumumferðar á Selfossi er hinsvegar lítið og jákvæð áhrif af gerð hjáleidarinnar verða þar af leiðandi óveruleg, til dæmis á umferðaröryggi og umferðarrým mun lítið aukast í

Þéttbýlinu þó hún aukist á hjáleiðinni. Því er ekki líklegt hjáleiðin standi undir væntingum íbúa á Selfossi um jákvæð áhrif hjáleidarinnar.

Bæði sveitarfélagið Árborg og Hraungerðishreppur hafa áform um að byggja upp við hjáleiðina og mun hún því í framtíðinni liggja í gegnum þéttbýli. Vegna áforma sveitarfélaga Árborgar og Hraungerðishrepps um uppbyggingu með hjáleiðinni, áherslu á mikilvægi hjáleidarinnar sem tengingu við austurhluta Selfoss og áherslu á að umferðin fari áfram um miðbæ Selfoss til að styðja þjónustu þar má álykta að frá sjónarhóli sveitarfélaganna sé hér ekki um hjáleid að ræða. Markmið þeirra sé frekar að búa til nýja tengingu innan þéttbýlisins eða fjölga leiðum í gegnum þéttbýlið.

Gerð hjáleidar er ekki eina færa leiðin til að draga úr áhrifum gegnumaksturs í þéttbýli. Hægt er að endurnýja akstursleiðina í gegnum þéttbýlið með hraðalækkandi aðgerðum og endurhanna leiðina miðað við hlutverk götunnar fyrir alla vegfarendur og hagsmunaaðila. Rannsóknir sýna að slíkar aðgerðir geta hægt á umferð, fækkað slysum og aukið öryggi og þannig náð sambærilegum árangri um umferðaröryggi og væntingar eru um að ná með gerð hjáleidar.

Þegar valið stendur á milli þess að gera hjáleid eða bæta aðstæður í þéttbýlinu, þar sem gegnumumferðin fer um, þá þarf að vera skýrt hvaða markmiðum framkvæmdinni er ætlað að ná og að sú lausn sé valin sem líklegust er til að ná þeim markmiðum.